

## Þróunarsjóður innflytjendamála

### Development Fund for Immigration Issues

**Heiti verkefnis:** Landnemaskólinn: Hæ, Ísland! Hæ, íslenska!

**Nafn styrkþega:** Norræna akademían ehf.

**Útdráttur:** Sumarnámskeið á vegum Norrænu akademíunnar var ætlað ungmennum á aldrinum 10-17 ára frá Úkraínu með stutta búsetu á Íslandi. Í námskeiðinu var fléttuð saman íslenskukennsla, samfélagsfræðsla, kynning á menningu í nærumhverfi barnanna og möguleikar þeirra til þátttöku í samfélaginu, auk þess sem sálfélagslegur stuðningur var veittur. Þann 9. júní 2024 var haldinn foreldrafundur fyrir forráðamenn nemenda og aðra áhugasama, þar sem verkefnið var formlega kynnt. Námskeiðið var haldið frá 10. júní til 16. ágúst 2024, með um 40 nemendum, skiptum í tvo aldurshópa: 10-13 ára og 14-17 ára. Hver hópur hittist tvisvar í viku frá kl. 10:00 til 15:00, auk þess sem báðir hóparnir hittust saman á föstudögum kl. 10:00-12:00, sem gerir samtals næstum 200 klukkustundir. Þrátt fyrir áskoranir, svo sem mismunandi tungumálafærni og þörfina fyrir aukna félagsfærni vegna áhrifa heimsfaraldurs og stríðsátaka í heimalandinu, uppfyllti verkefnið grunnmarkmið sín um að styrkja menningarlegan skilning og samfélagsþátttöku. Verkefnið lagði áherslu á þarfir hvers nemanda fyrir félagslega aðlögun, hvatti til samskipta á jafningjagrundvelli og skapaði vettvang fyrir nemendur til að ræða og skiptast á skoðunum. Þátttakendur sýndu marktækar framfarir í íslenskukunnáttu og sjálfstrausti, sem birtist í aukinni þátttöku í samfélaginu. Sumarnámskeiðið hefur sýnt skipuleggjendum fram á hversu mikilvægt verkefnið var til að efla menningarlegan skilning barnanna og þátttöku ungra landnema í íslensku samfélagi. Við lok námskeiðsins, þann 18. ágúst 2024, var haldinn foreldrafundur þar sem foreldrar lýstu yfir mikilli ánægju með verkefnið og áhuga á frekari svipuðum verkefnum, sérstaklega í aukinni íslenskukennslu fyrir börnin sín. Námskeiðið var unnið með styrk frá Þróunarsjóði innflytjendamála.

**Project Title:** The School for Settlers: Hi, Iceland! Hi, Icelandic!

**Name of Grantee:** The Nordic Academy

**Abstract:** The summer course organized by the Nordic Academy was intended for young people aged 10-17 from Ukraine with a short residence in Iceland. The course combined Icelandic language teaching, social studies, an introduction to the local culture of the children's environment, and opportunities for their participation in society, along with providing psychosocial support. On June 9, 2024, a meeting was held for parents and other interested parties to formally introduce the project. The course took place from June 10 to August 16, 2024, with around 40 students divided into two age groups: 10-13 and 14-17. Each group met twice a week from 10:00 AM to 3:00 PM, with both groups gathering on

Fridays from 10:00 AM to 12:00 PM, totaling nearly 200 hours. Despite challenges such as varying language proficiency and the need for enhanced social skills due to the impacts of the pandemic and conflicts in their homeland, the project fulfilled its primary goals of strengthening cultural understanding and social participation. The project focused on each student's needs for social adaptation, encouraged peer-based communication, and created a space for students to discuss and exchange ideas. Participants showed significant progress in Icelandic language skills and self-confidence, which was reflected in increased community involvement. The summer course demonstrated to the organizers the importance of such a project in promoting cultural understanding and participation among young immigrants in Icelandic society. At the end of the course, on August 18, 2024, a parents' meeting was held where parents expressed great satisfaction with the project and interest in further similar initiatives, especially in increased Icelandic language training for their children. The course was supported by the Development Fund for Immigrant Issues.